

3. fundur velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar miðvikudaginn 12. október 2011 og hófst kl. 17.00 Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Páll Kristófersson, Helena Helgadóttir, Alma Anna Oddsdóttir, og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

1. **Tillögur félagsmálastjóra að nýjum reglum um heimaþjónustu.** Nefndin samþykkir reglurnar.
2. **Félagsmálastjóri kynnti atvinnuleysistölur í sveitarfélögum og stöðu fjárhagsaðstoðar.** Á Suðurlandi er 4,5% atvinnuleysi 4,0% karlar og 5,2% konur.

Atvinnuleysistölur eftir sveitarfélögum í ágúst 2011:

	Alls	Karlar	Konur
Bláskógarbyggð	10	9	1
Flóahreppur	15	8	7
Grímsnes- og Grafningshreppur	9	6	3
Hrunamannahreppur	5	3	2
Hveragerðisbær	74	35	39
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5	2	3
Sveitarfélagið Ölfus	55	24	31

Á þessu ári hefur orðið rúm 100% aukning á fjárhagsaðstoð í Uppsveitum Árnessýslu, Flóa og Ölfusi miðað við síðasta ár. Í Hveragerði hefur fjárhagsaðstoð dregist saman um tæp 10% frá síðasta ári.

3. **Fundur með Jafnréttisstofu.** Félagsmálastjóri skýrði frá því að Jafnréttisstofa er tilbúin að halda námskeið um jafnréttislögin, stöðu jafnréttismála, aðferðafræði kynjasambættingar sem tengist sérstaklega við hlutverk sveitarfélaga og jafnréttisáætlunargerð. Fundurinn verður haldinn fyrir sveitarstjórnarmenn og forstöðumenn helstu stofnana sveitarfélaganna. Stefnt að fundi í nóvember.
4. **Bréf frá Velferðarráðuneytinu um aðgerðaráætlun sveitarfélaga vegna ofbeldis gegn konum lagt fram til kynningar.** Félagsmálastjóri kynnti aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum. Nefndin ákveður að gera aðgerðaráætlun sem byggir á áætlun Akureyrarbæjar. Félagsmálastjóra er falið að kalla til fagaðila sem kæmu að fræðslu til þeirra sem starfa með börnum. Jafnframt skal halda fræðslufundi fyrir íbúa á hverju félagsþjónustusvæði.
5. **Trúnaðarmál.** Fundargerðir teymisfundar 20.09.11 og 05.10.11 lagðar fram. Nefndin samþykkir fundargerðirnar.
1 mál fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18.40

Unnur Þormóðsdóttir

Harpa Dís Harðardóttir

Jón Páll Kristófersson

Helena Helgadóttir

Alma Anna Oddsdóttir

María Kristjánsdóttir

